



Steinull hf

ICEROCK®

2. útgáfa / 15.09.2015

Öryggisblað (SDS)

skv. reglugerð nr. 750/2008 (REACH)

1. AUÐKENNING EFNISINS EÐA EFNABLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS EÐA FYRIRTÆKISINS

1.1 Vörukenni

Vöruheiti: **Steinull (formuð og laus ull)**REACH skráningarnúmer: **01-2119472313-44-0011**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Notkunarsvið: Bygginga-, tækni- og hljóðeinangrun. Steinull er formuð í plötur, rúllur eða sem laus ull.

1.3 Upplýsingar um þann aðila sem er ábyrgur fyrir öryggisblaðinu eða afhendingu þess

Framleiðandi: Steinull hf.
 Skarðseyri 5
 550 Sauðárkrókur

Sími: 455 3000
 Bréfsími: 455 3019
 Netfang: steinull@steinull.is
 Veffang: www.steinull.is

1.4 Neyðarsímanúmer

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni.

Sími. 543 2222. Símanúmer neyðarlínunnar er 112.

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnis eða efnablöndu

Hættugreining byggð á flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 (CLP reglugerð ESB nr. 1272/2008):

Efnið flokkast ekki sem hættulegt.

2.2 Merkingaratriði

Merking skv. reglugerð nr. 415/2014 (CLP reglugerð ESB nr. 1272/2008):

Efnið er ekki merkingarskytt.

2.3 Aðrar hættur

Líkamleg áhrif trefja í snertingu við húð getur valdið tímabundnum kláða. Við hitaniðurbrot bindiefnisins yfir 190°C geta myndast koldíoxíð og einhverjar sporlofttegundir.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.1 Efni

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Hættuflokkur	H-setningar	Styrkur
Steinull*	-	-	-	-	94-99%
Bindiefni	-	-	-	-	0-4%
Olía	-	-	-	-	0-0,3%

Athugasemdir varðandi innihald:

*Tilbúnar glerkenndar (sílikat) trefjar með handahófskennda legu og inniheldur meira en 18%, miðað við þyngd, af alkalín- og jarðalkalínóxíði og uppfyllir þar með athugasemd Q (skv. CLP reglugerð nr. 1272/2008).

Helstu álímingarefni eru: glertrefjadúkur, pappír, PE-plast, áldúkur, þunn málmþynna eða plastfilma.

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁL

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjál

Almennt:

Öryggisblað skal ætíð vera tiltækt á vinnustað.

Ef grunur um heilsutjón eða krankleika vaknar leitið þá strax læknis.

Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf.

Sé sá slasaði meðvitundarlaus; leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis.

Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk!

Hafið í huga að hættulegt getur verið að veita blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku eða ætandi.

Sýnið lækni öryggisblað.

Innöndun:

Færið þann slasaða í ferskt loft.

Skolið háls og snýtið til að losna við ryk.

Snerting við augu:

Fjarlægjið linsur ef við á. Skolið strax með miklu af vatni og haldið auganu vel opnu á meðan.

Snerting við húð:

Ef vart verður við kláða vegna líkamlegra áhrifa tefjanna skal fjarlægja allan fatnað sem komist hefur í snertingu við efnið og þvo húðina með miklu vatni og sápu.

Inntaka:

Drekka skal mikið vatn við óviljandi inntöku.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Engar upplýsingar liggja fyrir.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Engar upplýsingar liggja fyrir.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1 Slökkvibúnaður

Viðeigandi slökkviefni:

Val á slökkviefni fer eftir eðli og umfangi eldsvoðans.

Slökkviefni sem af öryggisáæðum má ekki nota:

Fer eftir eðli og umfangi eldsvoðans - Ekki er þekkt að efnið setji kröfur þar um.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Notið viðeigandi hlífðarfatnað. Sjá 8. lið.

Við spautun er nauðsynlegt að vera með ferskloftsgrímu eða andlitsgrímu með með P2 síu.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

-

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Ryksugið eða bleytið með úða áður en efnið er sópað upp.

6.4 Tilvísun í aðra liði

Sjá 7.1. og 8.2. lið.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ábendingar um örugga meðhöndlun:

Nota skal viðeigandi öndunargrímu í óloftræstu rými við uppsetningu einangrunar.

Notið viðeigandi hlífðarfatnað.

Notið hlífðargleraugu við vinnu fyrir ofan höfuð.

Fargið leifum af efninu á viðeigandi hátt.

Hreinsið vinnusvæði með ryksugu.

Við kláða er gott að skola með köldu vatni áður húðin er þvegin.

Við spautun er nauðsynlegt að vera með ferskloftsgrímu eða andlitsgrímu með með P2 síu.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika

Kröfur um geymsluskilyrði og gáma:

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar raka og skemmda fram að notkun.

7.3 Sértek, endanleg notkun

Engar upplýsingar liggja fyrir

8. VÁHRIFAVERNIR/PERSÓNUHLÍFAR**8.1 Takmörkunarfæribreytur****8.1.1 Viðmunarmörk**

Engin mengunarmörk hafa verið skilgreind fyrir efnið, en eftirfarandi mengunarmörk gilda fyrir þau innihaldsefni þess sem getið er í 3. lið skv. reglugerð nr. 390/2009 með síðari breytingum:

Efni	Meðalgildi
Steinull	1 þráður/cm ³

8.2 Váhrifavarnir**Tæknilegar ráðstafanir:**

Eftirfarandi setningar eru prentaðar á umbúðir:

Snerting steinullar við húð getur valdið ertingu og tímabundnum kláða. Notið viðeigandi rykgrímu við vinnu í ólofttræstu rými. Hyljið bert höfund þegar steinull er meðhöndluð. Notið hlífðargleraugu þegar einangrað er upp fyrir sig. Fargið úrgangi í samræmi við gildandi reglur. Þrífið vinnusvæði með ryksugu. Til að minnka kláða: Skolið með köldu vatni fyrir þvott.

Persónuhlífar:**Til hlífðar öndunarfærum:**

Myndist ryk við notkun eða sé loftræsting ekki nægjanleg skal nota viðurkennda einnota öndunargrímu með síu af gerð FFP2 sem uppfyllir ÍST EN 149.

Til hlífðar höndum:

Til að forðast kláða skal nota hlífðarhanska sem uppfylla ÍST EN 388.

Til hlífðar augum:

Notið hlífðargleraugu við vinnu fyrir ofan höfuð.

Notið hlífðargleraugu sem uppfylla ÍST EN 166.

Til hlífðar húð:

Notið viðurkenndan hlífðarfatnað.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR**9.1 Upplýsingar um eðlisefnafræðilega grundvallaeiginleika**

Útlit:	Fast þráðkennt efni
Litur:	Grár
Lykt:	Lyktarlaust
Bræðslumark/frostmark:	>1000°C byrjar steinullin að mýkjast og bráðna.
Eldfimi (fast efni, lofttegund):	Brennur ekki
Eðlisþyngd:	20-220 kg/m ³
Leysni:	Óleysanlegt í vatni og öðrum lífrænum lausnum.

9.2 Aðrar upplýsingar

Engar svo vítað sé til.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

*

10.1 Hvarfgirni

Óhvarfgjarnt.

10.2 Efnafræðilegur stöðuleiki

Stöðugt við tilætlaða notkun.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi

Óhvarfgjarnt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast

Ekki tilgreint.

10.5 Ósamrýmanleg efni

Ekki tilgreint.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni

Stöðugt við tilætlaða notkun.

Við notkun við hátt hitastig:

Við hitaniðurbrot bindiefnisins yfir 190°C fara að myndast illalyktandi lofttegundir.

Magnið sem losnar og tími sem þetta tekur er háð þykkt einangrunarinnar, magn bindiefnisins og hitastigs.

Við fyrstu hitun skal tryggja góða loftræstingu eða nota viðeigandi hlífðarbúnað.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

*

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Veldur ekki eiturrhrifum.

Erting og ætandi áhrif

Líkamleg áhrif trefja í snertingu við húð getur valdið tímabundnum kláða.

Alvarlegur augnskaði/augnerting

Getur valdið ertingu í augum.

Næming öndunarfæra eða húðnæming

Getur valdið ertingu.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

*

12.1 Eiturhrif

Veldur ekki eiturrhrifum.

12.2 Þrávirkni og niðurbjótanleiki

Þrávirkt.

12.3 Uppsöfnun í lífverum

Mjög lítlar líkur á uppsöfnun í vatnallífverum.

12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi

Mjög lítlar líkur á hreyfanleika í jarðvegi.

12.5 Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

Ekki þörf á mati.

12.6 Önnur skaðleg áhrif

Engar upplýsingar liggja fyrir.

13. FÖRGUN

*

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs**Förgun efnis/efnisleifa:**

Þar sem efnið flokkast ekki sem hættulegur úrgangur má farga því sem óvirkum úrgangi.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er efnið og leifar þess í eftirfarandi flokk(um):

17 06 04 (einangrunarefni önnur en tilgreind eru í 17 06 01 eða 17 06 03)

Förgun umbúða undan efninu:

Farga skal umbúðum undan efninu skv. gildandi lögum og reglum.

Umbúðum, sem ekki er hægt að tæma eða hreinsa á fullnægjandi hátt, skal fargað á sama hátt og efninu.

14. UPPLÝSINGAR UM FLUTNINGA

Varan flokkast ekki sem hættulegur varningur skv. alþjóðlegum samþykktum (ADR/RID, IMDG, ICAO/IATA).

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK**15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis**

Trefjar steinullarinnar uppfylla athugasemd Q skv. CLP reglugerð nr. 1272/2008. Steinullin flokkast því ekki sem hættuleg skv. þeirri reglugerð.

Allar vörur sem framleiddar eru af Steinull hf. eru búnar til úr trefjum sem eru ekki hættulegir og eru vottaðar af EUCB, European Certification Board of Mineral Wool Products.

EUCB vottar að trefjarnar flokkast ekki sem krabbameinsvaldandi og uppfylla þau skilyrði sem koma fram í athugasemd Q í CLP reglugerð nr. 1272/2008.

Evrópureglugerðir

Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir (REACH).

15.2 Efnaöryggismat

Engar upplýsingar liggja fyrir.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Liðir sem breyst hafa frá síðustu útgáfu eru merktir með stjörnu.

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Útgáfa: 2.**Dags.:** 15.09.2015**Kemur í stað:** 21.08.2015

Öryggisleiðbeiningar þessar eru unnar af Mannviti (FI).
SNR Mannvits: OB-100-002-2.100.051

Öryggisleiðbeiningar þessar eru byggðar á okkar bestu þekkingu ásamt upplýsingum frá framleiðanda og eru unnar í samræmi við gildandi reglugerðir. Öryggisleiðbeiningarnar eiga einungis við um vöruna eins og hún kemur frá söluaðila. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.

Frumheimild: ICEROCK Stone wool (form shaped products and loose wool)
Útgefandi: Steinull hf.
Útgáfa: 13.8.2015
Kemur í stað: 6.7.2015